

trossu í land, sem aldrei þurfti að nota, né hefði komið að gagni, eins og á stóð.

Niðurstaðan í meðalgöngusök verður því sú, að sýkna ber meðalgöngustefndu af kröfum meðalgöngustefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í meðalgöngusök.

Dómsorð:

Aðalstefnda, Eimskipafélag Reykjavíkur h/f, Reykjavík, greiði aðalstefnanda, Jóhannesi Jóhannessyni útgerðarmanni, Suðurgötu 41, Keflavík, f. h. eiganda og áhafnar v/b Eldeyjar, KE 37, kr. 1.200.000.00, auk 7% ársvaxta frá 31. janúar til greiðsludags og málskostnað, kr. 110.000.00. Aðalstefnandi á sjóveðrétt í m/s Kötlu til tryggingar fjárhæðum þessum.

Meðstefnda, Almennar Tryggingar h/f, Reykjavík, ber ábyrgð gagnvart aðalstefnanda á skilvísri greiðslu ofangreindra fjárhæða að 48 hundraðshlutum. Málskostnaður falli niður, varðandi þenna lið dómkrafna.

Meðalgöngustefndu, Eimskipafélag Reykjavíkur h/f og eigendur og áhöfn v/b Eldeyjar, KE 37, eiga að vera sýknir af kröfu meðalgöngustefnanda, Helga Grétars Helgasonar f. h. eiganda og áhafnar v/b Vilborgar, KE 51. Málskostnaður í meðalgöngusök fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. júní 1965.

Nr. 106/1965. Ákærvaldið

gegn

Jósafat Arngrímssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarmar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði hefur hinn 3. júní 1965 kært til Hæstaréttar úrskurð héraðsdómara, er upp var kveðinn 1. s. m. Hefur saksóknari ríkisins leyft kæru þessa, sbr. 1. tölulið 171. gr. laga nr. 82/1961.

Af hálfu ákærða hafa Hæstarétti ekki borizt neinar kröfur né greinargerð. Verður kærumáli þessu því vísað frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 2. júní 1965.

Ár 1965, miðvikudaginn 2. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem háður var af Ólafi Þorlákssyni, dómara samkvæmt sérstökum umboðsskrám, kveðinn upp synjunarúrskurður um, að dómarrinn víki sæti í sakadómsmálinu: Ákærvaldið gegn Jósafat Arngrímssyni, Þórði Einari Halldórssyni, Eyþóri Þórðarsyni, Áka Guðna Gränz og Albert Karli Sanders, en framangreint atriði var tekið til úrskurðar 1. þessa mánaðar.

Málavextir eru þessir:

Með umboðsskrá dómsmálaráðherra, dagsettri 14. janúar 1964, var dómari máls þessa skipaður samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961 um meðferð opinberra mála til að fara með „rannsókn á verktakastarfsemi Jósafats Arngrímssonar á Keflavíkurflugvelli og nafnritanafölsunum í því sambandi“, enn fremur og til þess „að kveða upp dóm í málinu, ef til málshöfðunar kemur“. Dómsrannsókn hófst í málinu 24. janúar 1964. Rannsóknin, er reyndist allumfangsmikil, var send saksóknara til ákvörðunar 14. desember 1964.

Á meðan á framangreindri rannsókn stóð, var dómari máls þessa með umboðsskrá dómsmálaráðherra, dagsettri 24. febrúar 1964, skipaður samkvæmt áður tilvitnuðum lagaákvæðum „til að fara með rannsókn vegna meints misferlis í starfrækslu pósthússins á Keflavíkurflugvelli svo og vegna fjármálaviðskipta þeirra aðilja, sem þar áttu innistæðulausa tékka“, og enn fremur „til þess að kveða upp dóm í málinu, ef til málshöfðunar kemur“. Dómsrannsókn samkvæmt hinni síðarnefndu umboðsskrá hófst 26. febrúar 1964. Endurrit þeirrar rannsóknar var send saksóknara ríkisins til ákvörðunar 8. júní 1964.

Með bréfum saksóknara ríkisins, dagsettu 3. febrúar 1965, til dómsins var krafizt framhaldsrannsóknna. Enn fremur fór réttargæzlumaður ákærða Jósafats Arngrímssonar, Áki Jakobs-son hæstaréttarlögmaður, fram á frekari rannsókn í bréfi til dómsins, dagsettu 25. febrúar s.l. Að loknum framhaldsrannsókn-

um, voru dómsrannsóknirnar að nýju sendar saksóknara ríkisins til ákvörðunar, er á grundvelli þeirra höfðaði mál með ákæruskjali, dagsettu 27. apríl 1965, á hendur Jósafat Arngrímsyni verzlunarmanni, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, fæddum 12. maí 1933 að Mýrum í Dýrafirði, Þórði Einari Halldórssyni verzlunarmanni, Sólheimum 27, Reykjavík, fæddum 11. janúar 1917 í Skálmardal í Barðastrandarsýslu, Eypóri Þórðarsyni vélvirkja, Holtsgötu 17, Ytri-Njarðvík, fæddum 4. nóvember 1925 í Vestmannaeyjum, Áka Guðna Gränz málarameistara, Heimakletti, Ytri-Njarðvík, fæddum 26. júní 1925 í Vestmannaeyjum, og Albert Karli Sanders rafvirkja, Holtsgötu 27, Ytri-Njarðvík, fæddum 20. marz 1929 á Ísafirði.

Gegn ákærða Jósafat er málið höfðað fyrir skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (samkvæmt 84 liðum, tilgreindum í ákæru), enn fremur fyrir fjárvik samkvæmt 248. gr. sömu laga.

Gegn ákærða Þórði Einari, fyrrverandi póstvarðstjóra við póstdeildina á Keflavíkurflugvelli, er málið höfðað aðallega fyrir þátttöku í fjárvikum meðákærða Jósafats og jafnframt fyrir brot í opinberu starfi samkvæmt 248. gr. sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 138. gr. sömu laga, en til vara, fyrir brot í opinberu starfi og misnotkun fjárvörzlu póstaftgreiðslunnar á Keflavíkurflugvelli samkvæmt 139. gr. og 261. gr. sbr. 249. gr., sbr. 138. gr., almennra hegningarlaga, sbr. 37. gr., 5. tölul., sbr. 82. gr. reglugerðar um notkun póstis nr. 170/1963, sbr. 26. gr. póstlaga nr. 31/1940, og enn fremur til vara að hafa gerzt brotlegur við 254. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

Gegn ákærða Eypóri er málið höfðað fyrir þátttöku í skjalafalsi meðákærða Jósafats (tilgreindu í 6 liðum í ákæru) samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 22. gr. sömu laga.

Gegn ákærðu Áka Guðna Gränz og Albert Karli er málið höfðað fyrir útgáfu tékka í blekkingarskyni, er eigi reyndist innistæða fyrir, til að viðhalda ávinningi af broti meðákærða Jósafats, og eru brot þeirra heimfærð undir 248. gr. og 254. gr. almennra hegningarlaga, auk þess fyrir hlutdeild í brotum meðákærða Þórðar Einars samkvæmt 139. gr. og 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr., sbr. 22. gr., almennra hegningarlaga.

Framangreint ákæruskjal var birt öllum hinum ákærðu 5. maí s.l. Verjendur voru þá skipaðir. Fyrirtaka málsins hefur verið ákveðin 5. júlí n.k., og hafa skipaðir verjendur ákærðu

fengið frest til þess dags til að undirbúa munnlegan málflutning.

Frá skipuðum verjanda ákærða Jósafats Arngrímssonar, Áka Jakobssyni hæstaréttarlögmanni, hefur dóminum borizt krafa um, að dómari málsins víki sæti. Rök fyrir kröfunni eru að finna í bréfi verjandans til dómarans, dagsettu 28. f. m., en verjandinn hefur staðfest kröfur sínar samkvæmt efni bréfsins fyrir dómi. Í bréfinu segir m. a. svo: „Aðalrök mín eru þau, að það er óeðlilegt yfirleitt, að rannsóknardómari kveði sjálfur upp dóma í málum, sem hann hefur rannsakað. Auk þess bendi ég á þau rök, að þér hafið sem rannsóknardómari í máli, sem vakið hefur jafnstórfelldar og opinberar deilur og árásir á sakborning, erfiða aðstöðu til þess að vera réttlátur dómari og hlutlaus. Æsiskrifin, sem urðu um þetta mál í þrem dagblöðum og beindust eingöngu að æru skjólstæðings míns, sem þér létuð undir höfuð leggjast að stöðva í tæka tíð, hafa gert þetta mál í augum almennings að einvígi milli yðar sem dómara og ákærða Jósafats Arngrímssonar. Ef sýknudómur yrði uppkveðinn yfir ákærða Jósafat, munduð þér eftir æsiskrif þau, sem átt hafa sér stað um þetta mál, verða talinn minni maður. Það er ekki ósanngjarnt að ætla, að þér gerið yður þetta ljóst. Undir slíkum kringumstæðum er ekki hægt að ætlast til, að nokkur maður geti verið hlutlaus.

Þá vil ég benda á, að það er skoðun skjólstæðings míns, Jósafats Arngrímssonar, að dómsrannsókn yðar hafi frá upphafi mótazt af því, að þér voruð fyrirfram sannfærður um stórfellda sök hans, og skal ég hér taka fram, að ég tel margt í rannsókn málsins benda til þess, að þetta sé rétt hjá honum, svo sem gæzluvarðhaldið í upphafi rannsóknarinnar, sem þér virðist hafa verið búinn að taka ákvörðun um, áður en rannsókn hófst.“

Samkvæmt bréfinu þykir mega sundurliða rökstuðning fyrir kröfum verjandans, sem hér segir:

1. *Að óeðlilegt sé, að rannsóknardómari kveði upp dóm í máli, er hann hefur rannsakað.*

Samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 27/1951, sbr. nú lög nr. 82/1961, er gert ráð fyrir því, að sami dómari bæði rannsaki og dæmi opinber mál, sbr. grundvallarreglu, er fram kemur í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 2. mgr. 5. gr. sömu laga. Þar sem umboðsskrár dómarans í máli þessu ná bæði til rannsóknarþáttar og dómsuppkvaðningarþáttar málsins, þykir framkomin krafa verjandans, Áka Jakobssonar hæstaréttar-

lögmanns, um, að dómari víki sæti samkvæmt staflið þessum, eigi vera í samræmi við gildandi réttarfarslög í opinberum málum, og verður því krafan ekki tekin til greina.

2. *Að dómariinn geti ekki verið hlutlaus vegna æsiskrifa um málið.*

Enda þótt æsiskrif kunni að hafa orðið um mál þetta, eru þau eigi frá dómaranum runnin og honum óviðkomandi. Dómari málsins hefur í eitt sinn gefið út hlutlausa fréttatilkynningu um rekstur málsins, er birtist í dagblöðum Reykjavíkur hinn 25. febrúar 1964. Ekki verður á það fallið með verjandanum, að slík skrif, sem hann getur um, séu til þess fallin að gera dómariinn óhæfan til að leggja hlutlausan dóm á málið, og verður því krafa hans samkvæmt þessum staflið eigi tekin til greina.

3. *Að dómariinn hafi fyrirfram verið sannfærður um stórfellda sök ákærða Jósafats Arngrímssonar.*

Verjandinn, Áki Jakobsson hæstaréttarlögmaður, hefur tekið fram, að dómariinn virðist hafa verið búinn að taka ákvörðun fyrir rannsóknina um að beita ákærða Jósafat Arngrímsson gæzluvarðhaldi, og bendi það atriði m. a. til þess, að dómariinn hafi fyrirfram verið sannfærður um stórfellda sök ákærða Jósafats. Að öðru leyti hefur verjandinn eigi rökstutt framangreint álit sitt. Fram skal tekið vegna þessa stafliðs, að ákærði Jósafat Arngrímsson var með rökstuddum dómsúrskurði úrskurðaður í gæzluvarðhald hinn 31. janúar 1964. Ákærði óskaði eftir Erni Clausen hæstaréttarlögmanni sem réttargæzlumanni sínum, en réttargæzlumaðurinn tók við skipun sinni til starfans þegar næsta dag eða 1. febrúar 1964. Nefndur réttargæzlumaður óskaði ekki eftir því að kæra gæzluvarðhaldsúrskurðinn.

Aðdróttun verjandans, Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, er fram kemur í garð dómarians samkvæmt staflið þessum, þykir bæði vera órökstudd og ámælisverð, og verður kröfu verjandans samkvæmt stafliðnum eigi sinnt.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður krafa Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða Jósafats Arngrímssonar, um, að dómari máls þessa víki sæti, eigi tekin til greina.

Ályktarorð:

Krafa Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns um, að dómari máls þessa víki sæti, er eigi tekin til greina.
